

HÚSGÖGN & HÖNNUN 88

KJARVALSSTÖÐUM 5.– 14. FEBRÚAR 1988

HÚSGÖGN & HÖNNUN 88
KJARVALSSTÖÐUM 5. - 14. FEBRÚAR 1988

Sýning á nýjungum hjá íslenskum húsgagnaframleiðendum og verðlaunatillögum í samkeppni um ný íslensk húsgögn.

Ágætu sýningargestir!

Í september 1986 ákvað Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda að efna til opinnar verðlaunasamkeppni um hönnun nýrra íslenskra húsgagna. Hlaut félagið styrk frá lönþróunarsjóði og lönlánasjóði til þessa verkefnis. Meginmarkmið samkeppninnar var að laða fram nýjar frumlegar hugmyndir, sem e.t.v. gætu orðið að framleiðslu- og söluhæfum vörum. Jafnframt var með samkeppninni stefnt að því að efla og treysta góð samskipti hönnuða og framleiðenda og hvetja unga hönnuði til starfa í húsagnaiðnaði.

Samkeppnin fór fram í tveim áföngum. Fyrri hlutinn var almenn keppni, þar sem allir höfðu heimild til þátttöku, nema dómnefnd og aðrir, sem tengdust framkvæmd keppninnar. Skyldi tillögum skilað í formi teikninga. Alls bárust 23 tillögur frá 17 höfundum. Dómnefnd valdi síðan 7 tillögur eftir 5 höfunda til framhalds í keppninni.

Í síðari hluta keppninnar var keppendum, sem völdust til framhalds, komið í samband við framleiðendur og tillögurnar útfærðar nánar og þróaðar í samstarfi hönnuða og framleiðenda og smíðaðar frumgerðir af þeim. Þessar síðarnefndu tillögur getur að líta á sýningu þessari, en úr hópi þeirra hefur dómnefnd endanlega valið til verðlauna.

Dómnefnd skipuðu Valdimar Harðarson, arkitekt, sem formaður, Eyjólfur Axelsson, framkvæmdastjóri og Gunnar H. Guðmundsson, húsgagnaarkitekt. Trúnaðarmaður dómnefndar var Hildur Gunnarsdóttir, starfsmaður Form Ísland – félags áhugamanna um hönnun. Auk þess voru ýmis góð ráð þegin hjá formanni þess félags, Stefáni Snæbjörnssyni, húsgagnaarkitekt, við undirbúning samkeppninnar og sýningarinnar. Um fyrirkomulag samkeppninnar var einnig haft samráð við Félag húsgagna- og innanhússarkitekta.

Þótt samkeppninni sé ætlað að örva nýsköpun í íslenskri húsgagnagerð, fer því sem betur fer fjarri, að ládeyða hafi verið á því sviði að undanförnu. Þvert á móti hafa íslenskir húsgagnaframleiðendur að undanförnu lagt meiri rækt við hönnun og vöruþróun en oftast áður. Stjórn Félags húsgagna- og innréttingaframleiðenda þótti því verðugt, að jafnframt sýningu á tillögum í samkeppninni yrði haldin almenn sýning á nýjungum í hönnun og framleiðslu íslenskra húsgagna.

Að undirbúningi sýningarinnar vann nefnd á vegum félagsins, en hana skipuðu þeir Ólafur Ólafsson, framkvæmdastjóri Húsgagnaiðjunnar á Hvolsvelli, Tómas Sigurbjörnsson, framleiðslustjóri hjá Kristjáni Siggeirssyni hf. og Guðlaugur Stefánsson, starfsmaður félagsins. Umsjón með hönnun og uppsetningu sýningarinnar hafði Þórdís Zoëga, húsgagna- og innanhússarkitekt. Smíði sýningarbása annaðist eitt af aðildarfyrirtækjum félagsins, Vinnustofa ÓJ sf. Ástmar Ólafsson sá um grafíska hönnun, en Guðbergur Auðunsson hannaði merki sýningarinnar. Við allan undirbúning samkeppninnar og sýningarinnar naut félagið einnig margháttaðrar þjónustu Landssambands iðnaðarmanna, sem félagið á aðild að og hefur aðstöðu hjá.

Í þessari sýningarskrá er að finna stutta kynningu á þeim 5 tillöguhöfundum, sem völdust til þátttöku í síðara þrepi samkeppninnar og tillögum þeirra gerð nokkur skil. Jafnframt er greint frá því, hvaða fyrirtæki unnu að þróun tillagna og smíði frumgerða af þeim. Á bakhlið þessa rits eru síðan talin upp þau fyrirtæki, sem sýna framleiðsluvörur sínar á sýningunni.

Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda þakkar fyrrnefndum aðilum sem og öðrum ónefndum, sem aðstoðað hafa við undirbúning samkeppninnar og sýningarinnar. Einnig eru færðar þakkir til stjórnar Kjarvalsstaða fyrir að ljá sýningunni aðstöðu í virðulegum húsakynnum safnsins. Vonast félagið til þess, að samkeppnin og sýningin megi verða lyftistöng fyrir íslenskan húsgagnaiðnað.

F.h. Félags húsgagna- og innréttingaframleiðenda

Guðjón Pálsson, formaður






EYJÓLFUR E. BRAGASON

F. 19.02.1953. Stúdentspróf frá Menntaskólanum við Tjörnina 1974, nám við Arkitektaskólann í Árósum í Danmörku frá 1974 og lauk þaðan prófi sem arkitekt árið 1980. Að námi loknu starfaði hann m.a. á arkitektastofum Ingimundar Sveinssonar og Knúts Jeppesens. Frá 1985 hefur hann rekið eigin arkitektastofu, þar sem hann hefur fengist við fjölþætt arkitektastörf, bæði skipulagsverkefni, hönnun húsa og innréttinga.

STÓLL

Stóllinn er með bólstruðu baki og setu, byggður úr tréverki og krómuðu stáli.
Stóllinn hefur ýmsa notkunarmöguleika. Hægt er að stafla honum að vissu marki. Einnig má raðtengja stólana, þannig að þeir myndi óslitna beina stólaröð, hvort sem þeir eru með örmum eða án arma. Tengja má stólana með t.d. 45 cm breiðum plötum og mynda þannig borð á milli stóla. Hægt er að hafa stólana án arma.

Smíði á sýningareintaki:
Kristján Siggeirsson hf.



INGIMAR ÞÓR GUNNARSSON

F. 29.03.1948. Nám í húsgagnasmíði hjá Trésmiðjunni Meið, sveinspróf 1972 og meistararéttindi í iðngreininni 1974. Nám við Statens Handverks og Kunstindustriskole í Ósló, lauk þaðan prófi árið 1978 og hlaut þá styrk frá skólanum, sem eingöngu er veittur einum nemanda árlega. Að námi loknu starfaði hann í tvö ár hjá Dr. Magga Jónssyni, arkitekt og einnig í tvö ár hjá Trésmiðjunni Meið við samræmingu á framleiðslu. Hefur einnig unnið fyrir Hannes Kr. Davíðsson, arkitekt. Frá 1983 hefur hann starfrækt Teiknistofuna Inni. Hefur unnið að félagsstörfum fyrir Félag húsgagna- og innanhússarkitekta og var formaður þess félags 1986-87.

STÓLL

Stóll úr beyki og lakkaður í mismunandi litum að ósk kaupanda, t.d. grind, seta og bak rautt en armar svartir, bólstrun á setu og baki í svörtu áklæði.

Stóllinn gæti verið kærkomin tilbreyting t.d. á biðstofur og þar sem þörf er á friskum litum og sterku formi.



Smíði á sýningareintaki:
Húsgagnaiðjan, Hvolsvelli.



PÉTUR B. LÚTHERSSON

F. 02.09.1936. Lauk sveinsprófi í húsgagnasmíði 1958 og starfaði við þá iðn í 4 ár. Stundaði nám við Skolen for brugskunst í Kaupmannahöfn frá 1961 og lauk þaðan prófi 1964. Að námi loknu vann hann á ýmsum teiknistofum í Kaupmanna-höfn og Reykjavík til ársins 1974, en hefur síðan starfrækt eigin teiknistofu. Pétur hefur setið í stjórn Félags húsgagna- og innanhússarkitekta og félagsins Listiðn.

STÓLL Í HÚSGAGNASAMSTÆÐU

Þessari húsgagnasamstæðu er einkum ætluð not í stofnunum og á skrifstofum, þó vel megi hugsa sér að hafa þau til heimilisnota. Fyrir höfundi vakir að gera vönduð húsgögn, sem bera það með sér, að ekki sé sparað á kostnað endingar.

Stólar og borð eru öll sundurtakanleg með tilliti til flutnings og ættu að vera auðveld í samsetningu.

Höfundur gerir ráð fyrir að nota ullaráklæði á stólana eða mjúkt húsgagnaleður.






Með því að hafa krómaða stálfætur, eru stólarnir ekki eins þungir að formi til og undirstrika efnisgæði, enda sé allur frágangur á samsetningum skýr.

Smíði á sýningareintaki:
Tréverk og umsjón: E.E. Húsgögn hf.
Bólstrun: G.Á. Húsgögn.
Stálsmíði: Steinar hf., stálhúsgagnagerð.




ÞORSTEINN GEIRHARÐSSON

F. 18.08.1955. Stúdentspróf frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1974. Stundaði nám í arkitektúr við Tækniháskólann í Innsbruck í Austurríki og síðan við Toronto School of Architecture í Kanada og útskrifaðist þaðan 1982. Hefur starfað á Arkitektastofunni, Bergstaðastræti 14, R., en stundar nú framhaldsnám í iðnhönnun í Milanó á Ítalíu.



PÓSTKASSI.

Póstkassinn er gerður úr plexigleri.
Hann er gerður úr 3 einingum, sem hugsa mætti sér að hafa í mismunandi litum, og gefa kaupendum valmöguleika með því að stilla saman mismunandi litum á mismunandi einingum.



Smíði á sýningareintaki:
Húsgagnaiðjan, Hvolsvelli og Háborg hf.

BORÐ OG LAMPI

Lykilorðið er sveigjanleiki. Borðinu er hægt að stilla við vegg og draga út á gólf. Lýsing getur fylgt borðinu. Borðfætur þvinga ekki upprðun sæta við borðið. Borðinu má pakka í flatar umbúðir til flutnings. Samsetningar eru einfaldar, skiljanlegar og sýnilegar. Meðferð efna er einföld og skiljanleg. Yfirbrag er létt.



Smíði á sýningareintaki: Stálsmíði: Óðinn Gunnarsson, vélsmiðja.
Trésmíði: Húsgagnaiðjan, Hvolsvelli.

Fyrirtæki, sem sýna á HÚSGÖGN & HÖNNUN 88:

Fyrirtæki	Sýningarmunir	Hönnun
Á. Guðmundsson hf. Skemmuvegi 4 Kópavogi.	SERÍA-skrifstofuhúsgögn	Sturla Már Jónsson FHI
AXIS Axel Eyjólfsson hf. Smiðjuvegi 9 Kópavogi.	MAXIS-húsgögn	Pétur B. Lúthersson FHI
Bólsturverk Kleppsmýrarvegi 8 Reykjavík	PASS-sófi	Loftur Þór Pétursson
E.E. Húsgögn hf. Bildshöfða 14 Reykjavík	VIVA-skrifstofuhúsgögn	Pétur B. Lúthersson FHI
Epal hf. Faxafeni 7 Reykjavík	X-TRA borð OLE's-sofa sófi, stóll og sófaborð GÁRU-tauþrykk	Þórdís Zoëga FHI Ole Kortzau, arkitekt Jóna S. Jónsdóttir textílhönnuður
Gamla kompaníið hf. Bildshöfða 18 Reykjavík	Skrifborð og skápasamstæða úr nýrri skrifstofuhúsgagnalínu	Sigurjón Pálsson FHI
Húsgagnaiðjan Austurvegi 4 Hvolsvelli	MICHELLE-sófi og svefnsófi SÓFI 190 Borð Sjúkrastóll	Ekornes Design Team Flemming Hvid
Innréttingaþjónustan hf. Smiðjuvegi 10 Kópavogi	Eldhúsinnrétting	Rafn Guðjónsson og Guðmundur Hannesson
Ingvar & synir hf. Grensásvegi 3 Reykjavík	TANGÓ-hjónarúm	Bergljót Ingvarsdóttir
KÁESS Kristján Siggeirsson hf. Hesthálsi 2-4 Reykjavík	VISTA-vinnustóð	Gunnar Magnússon FHI

Leirmunir eru gerðir af listakonunum Kristínu Ísleifsdóttur, Jónínu Guðnadóttur og Kolbrúnu Björgólfsdóttur (Koggu). Gler list er frá Bergvík.